



# Verum virk

hvatning - þátttaka - tækifæri

## Hlutverk

Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun með aðild allra helstu samtaka stéttarféлага og atvinnurekenda á vinnu- markaði. Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnu- markaði vegna langvarandi veikinda. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum.

## Verkefni

### Meginverkefni:

1. Að skipuleggja og hafa umsjón með störfum ráðgjafa hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага. Þeirra hlutverk er að aðstoða einstaklinga við að viðhalda og efla virkni til vinnu.
2. Að greiða fyrir ráðgjöf ýmissa fagaðila vegna einstaklingsbundinna áætlana um endurhæfingu.
3. Að greiða fyrir starfsendurhæfingar- úrræði sem ekki eru greidd af almennri heilbrigðisþjónustu.

### Önnur verkefni:

- Að stuðla að aukinni fjölbreytni og framboði úrræða í starfsendurhæfingu.
- Að stuðla að samstarfi aðila sem koma að starfsendurhæfingu.
- Að hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu, sem stuðla að aukinni virkni starfsmanna.
- Að styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.



Starfsendurhæfingarsjóður leggur ríka áherslu á að eiga gott samstarf við hagsmunaaðila í starfsendurhæfingu um allt land; heilsugæsluna, opinberar stofnanir, fagaðila, stéttarfélög, líffeyrissjóði og atvinnurekendur.



## Einstaklingar

### Hvað getur Starfsendurhæfingarsjóður gert fyrir þig?

Ef starfshæfni þín er skert eða henni er ógnað vegna heilsubreysts þá getur þú leitað aðstoðar hjá ráðgjöfum sjúkrasjóða stéttarféлага um allt land. Þessir ráðgjafar eru sérhæfðir í að aðstoða einstaklinga við að efla færni sína og vinnugetu. Þeir hafa einnig aðgang að hópi ólíkra sérfræðinga og fjölbreyttri þjónustu. Sem dæmi um slíka þjónustu má nefna:

- Ráðgjöf og hvatningu sem tekur mið af aðstæðum hvers og eins
- Mat á starfshæfni sem tekur mið af heilsufarslegum jafnt sem félagslegum þáttum
- Aðstoð við gerð og eftirfylgni einstaklingsbundinnar áætlunar
- Leiðbeiningar um réttindi, greiðslur og fjölbreytta þjónustu
- Aðstoð frá sérfræðingum, svo sem sálfræðingum, iðjuþjálfum, sjúkraþjálfurum, læknum, félagsráðgjöfum, náms- og starfsráðgjöfum og fleirum.
- Fræðslu og ráðgjöf þar sem einstaklingar, atvinnurekendur og ýmsir fagaðilar vinna saman að því að auka starfshæfnina.

## Hvert á að leita?

Einstaklingur leitar fyrst til ráðgjafa. Hægt er að leita eftir þjónustu ráðgjafa að eigin frumkvæði eða eftir ábendingum frá öðrum, t.d. starfsfólki heilsugæslunnar, trúnaðarmönnum á vinnustöðum, atvinnurekendum, samstarfsmönnum, félagasamtökum og opinberum stofnunum. Upplýsingar um staðsetningu, símanúmer og tölvupóstföng ráðgjafa um allt land er að finna á heimasíðu Starfsendurhæfingarsjóðs [www.virk.is](http://www.virk.is). Eins fást nánari upplýsingar hjá Starfsendurhæfingarsjóði í síma 535 5700.



## Hverjir eiga rétt á þjónustu?

Einstaklingur á rétt á þjónustu sem er skipulögð og fjármögnuð af Starfsendurhæfingarsjóði ef starfshæfni hans er skert eða henni er ógnað vegna heilsuþrestra. Að auki þarf að uppfylla annað eftirfarandi skilyrði:

- Atvinnurekandi hefur greitt kjarsamningsbundið gjald til Starfsendurhæfingarsjóðs fyrir einstaklinginn.
- Einstaklingur er örorkulífeyrisþegi í lífeyrissjóði sem hefur samning við Starfsendurhæfingarsjóð.



## Atvinnurekendur

### Gott samstarf

Starfsendurhæfingarsjóður leggur áherslu á að eiga gott samstarf við atvinnurekendur um allt land – samstarf sem miðar að því að auka starfshæfni fólks á vinnumarkaði og styrkja þannig atvinnulíf og samfélag.

### Upplýsingar og aðstoð

Atvinnurekendur geta leitað upplýsinga hjá ráðgjöfum sjúkrasjóða eða sérfræðingum Starfsendurhæfingarsjóðs um úræði, vegna starfsmanna með skerta vinnugetu eða langvinn veikindi. Atvinnurekendur geta einnig bent starfsmönnum sínum á að hafa samband við ráðgjafa hjá sjúkrasjóði ef um er að ræða skerta vinnugetu.

### Kynningar

Sérfræðingar og ráðgjafar á vegum Starfsendurhæfingarsjóðs heimsækja gjarnan fyrirtæki og kynna starfsemi sjóðsins. Slíkar kynningar er hægt að fá bæði fyrir stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja og eru þær fyrirtækjum að kostnaðarlausu.

## Trúnaður og öryggi

### Við leggjum áherslu á trúnað og öryggi

Hjá Starfsendurhæfingarsjóði er farið með allar upplýsingar um einstaklinga sem trúnaðarmál og í samræmi við ákvæði laga og reglna um persónuvernd. Strangar öryggisreglur gilda um öll vinnuferli, upplýsingaöflun, meðhöndlun og vistun gagna.



## Markmið Starfsendurhæfingarsjóðs

Starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs miðar að því að ná heildarsýn yfir möguleika einstaklinga til starfsendurhæfingar þegar litið er til heilsu, félagslegs umhverfis, reynslu, viðhorfa og væntinga. Það er mikilvægt að beina sjónum að því sem einstaklingar geta, fremur en því sem þeir geta ekki. Lögð er áhersla á að virðing sé borin fyrir hverjum einstaklingi og að trú hans á eigin getu sé markvisst efl.

Mikil llfsgæði eru falin í því að vera fjárhagslega sjálfstæður og virkur í leik og starfi. Við horfum á möguleika hvers einstaklings og finnum leiðir til að styrkleikar hans geti notið sín. Markmið okkar er að sem flestir geti verið virkir þátttakendur í atvinnulífinu.

VIRK • Sætúni 1 • 105 Reykjavík • [virk@virk.is](mailto:virk@virk.is) • sími: 535 5700

